

sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurður Magnússon á að sæta 8 daga einföldu fangelsi, og greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Guðm. Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. marzmán.

Nr. 41/ 1905:

Réttvísinn

gegn

Valdimar Guðbrandssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Dalasýslu, uppkeðnum 1. apríl f. á. var hinn ákærði húsmáður Valdimar Guðbrandsson dæmdur fyrir stórþjófnað samkv. 231. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan kostnað sakar-

innar, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði 3 kr.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða og öðrum skýrslum er það sannað í málinu um atferli hans, að hann hafi haustið 1904, fyrsta daginn er réttað var á Kiðhóli í Saurbæ, verið staddur í Hvammsdal og drukkið sig þar mjög drukkiinn, svo að hann sofnaði þar um daginn; en er hann hafði sofið nokkuð úr sér, reið hann til réttarinnar á Kiðhóli. Þar í réttinni segist hann hafa séð á, er hann þóttist þekkja að væri ær, sem hann hafði átt, en fargað fyrir 2 árum. Hann þykist þá eigi hafa munað eftir því, að hann var búinn að farga ánni, er hann hafði keypt að og ekki markað undir mark sitt. Þegar hann nú þóttist þekkja þessa á í réttinni, vildi hann afmarka hana, lánaði til þess hníf hjá manni, er viðstaddur var, og leitaðist við að afmarka hana undir sitt mark, en hann segir að það hafi eigi tekist, og hann þykist eigi vita, hvaða mark hafi orðið á kindinni á endanum. Hann tók svo ána með sér úr réttinni og rak hana heim til sín. Daginn eftir, er ölvíman var runnin af honum, mundi hann eftir því, að hann var löngu búinn að farga þeirri á, sem áður er á minst og var nauðalík þessari, og varð honum það þá fullljóst, að hann átti ekkert í þessari á. Samt sem áður gerði hann ekkert til að skila henni, en kastaði eign sinni á hana, og hálfum mánuði síðar lét hann hana til Kaupfélags Saurbæinga upp í skuid sína til félagsins. Þegar félagsféð skömmu síðar var rekið til kaupstaðar í Búðardal, kannaðist eigandi ærinnar, Olafur



í Sælingsdalstungu, við hana, og tók hana til sín úr rekstrinum.

Það þykir nú verða að taka til greina framburð ákærða um það, að hann hafi ætlað ána vera sína eign, er hann tók hana í réttinni; með því einu móti verður það skiljanlegt, að hann fór að eiga við að marka ána undir sitt mark þar í réttinni fyrir allra augum og lánaði enda hnif til þess hjá þar stöddum manni; sennilegt er það og, að víma eða ryk hafi verið í honum, þar sem hann hafði verið dauðadrukinn fyrri hluta dagsins og að hann fyrir því hafi eigi glöggvað sig svo á atvikum sem skyldi, og sérstaklega eigi athugað það, að hann var búinn að farga á þeirri, sem var þessari lík. Fyrir því verður að heimfæra afbrot hans, — en hann er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp — undir 250. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður ákærði og að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til verjanda í héraði, er ákveðast 5 kr., og málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í héraði er það athugavert, að áfrýjunarstefna undirdómarans til landsyfirréttarins er eigi rituð á dómsgjörðirnar samkv. tilsk. 31. maí 1805, heldur er á sérstöku blaði; að dómseftirritið, sem birt hefir verið fyrir hinum ákærða, er eigi alveg samhjóða dóminum í dómsgjörðunum; þótt ósamhljóðanin sé eigi veruleg, er hún þó allvíða í eftirritinu; að aldurskirteini ákærða hefir eigi verið fram lagt, né heldur

fengin yfirlýsing réttarvottanna um aldur hans eftir útlitinu að dæma, sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 38, og að oflangur tími hefir liðið frá því að áfrýjunarstefnan var birt og þangað til dómsgjörðirnar voru afgreiddar frá héraðsdómaranum til yfirdómsins. Það þykir þó eigi ástæða til að láta undirdómarann sæta frekari ábyrgð en aðfinningu fyrir þessi afbrigði. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus, og það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Valdimar Guðbrandsson sæti 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann og allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í héraði, Ólafs prests Ólafssonar, 5 kr., og málflytningu laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Guðm. Eggerz og Odds Gislasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. aprilm.

Nr. 36/1905:

Hið opinbera

gegn

Helga prestis Árnasyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, er í héraði var höfðað af hálfu hins opinbera gegn hinum kærða Helga prestis Árnasyni fyrir rangt tíundarframtal, brot gegn lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878, var dómur kveðinn upp í lögreglurétti